

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/1177****2023/EES/62/43****frá 7. ágúst 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/469 að því er varðar frestun á framkvæmd  
tiltekinna ráðstafana í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 <sup>(1)</sup>, einkum c- og g-lið 1. mgr. 36. gr., a- og f-lið 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 44. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ráðstafanir, sem gripið hefur verið til, í því skyni að halda COVID-19-heimsfaraldurinn í skefjum draga verulega úr getu aðildarríkja og flugiðnaðarinnar til að búa sig undir að beita ýmsum nýlega samþykktum framkvæmdarreglugerðum á sviði flugöryggis.
- 2) Einangrunarráðstafanir, breytingar á vinnuskilyrðum og tiltækileiki starfsmanna, samfara auknu vinnuálagi, sem krafist er til að takast á við verulega neikvæðar afleiðingar af völdum COVID-19-heimsfaraldursins fyrir alla hagsmunaaðila, hamlu undirbúningi að beitingu þeirra framkvæmdarreglugerða.
- 3) Hluti af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/469 <sup>(2)</sup> mun koma til framkvæmda frá og með 5. nóvember 2020. Skortur á úrræðum viðkomandi lögbærra yfirvalda og flugrekenda vegna COVID-19-heimsfaraldursins hefur hamlað aðlögun sameiginlegra krafna um skýrslugjöf og krafna varðandi SNOWTAM- og METAR-sniðmátin, í samræmi við kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), sem innleidd var með þeirri framkvæmdarreglugerð, og því ætti að fresta aðlöguninni til að gera lögbærum yfirvöldum og hagsmunaaðilum kleift að undirbúa framkvæmd hennar.
- 4) Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins hefur staðfest við framkvæmdastjórnina að frestun á beitingu ákvæðanna, sem um getur í 3. forsendu, sé möguleg án þess að það hafi skaðleg áhrif á flugöryggi þar sem hún muni vara í mjög takmarkaðan tíma og nýju ráðstafanirnar miða að því að uppfæra ákvæði, sem nú þegar eru í gildi, í samræmi við núverandi kröfur og ráðlagðar starfsvenjur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 5) Í því skyni að veita landsbundnum yfirvöldum og öllum hagsmunaaðilum tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir og til að gera þeim kleift að laga áætlanagerð sína að því að búa sig undir frestun á beitingu viðkomandi ákvæða ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 259, 10.8.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/469 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 923/2012, reglugerð (ESB) nr. 139/2014 og reglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar kröfur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, hönnun loftrýmisskipulags og gæði gagna, öryggi á flugbrautum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 73/2010 (Stjtið. ESB L 104, 3.4.2020, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/469 kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. janúar 2022.

Eftirfarandi ákvæði koma til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2021:

- a) ákvæði b-liðar 10. liðar í I. viðauka,
- b) ákvæði 6. liðar í III. viðauka: 3. viðbætur „SNOWTAM-SNIÐMÁT“.

Ákvæði 5. liðar í III. viðauka koma til framkvæmda frá og með 5. nóvember 2020, að undanskildum v. lið 5. liðar: 1. viðbætur, Sniðmát fyrir METAR, sem kemur til framkvæmda frá og með 12. ágúst 2021.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---